

# Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2018

## Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 15. maí 2019.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps, í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Núgildandi samningur var gerður árið 2015, með viðauka síðla árs 2016 og gildir hann til 31. ágúst 2019. Formlegt samstarf félaganna hófst haustið 2013 með undirritun þjónustusamnings.

Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng, auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp, stuðla að betri upplýsingagjöf til eigenda og notendabjónustu auk þess að bæta aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum leitarvél, m.a. á vefnum leitir.is. Í þjónustusamningnum felst að LB tekur að sér daglegan rekstur og stjórnun félagsins, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu. Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 2, Reykjavík.

### Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað nýu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 23. maí 2018. Á fundinum var kjörið fulltrúaráð sem skipuðu: Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður og Anna Lísu Rúnarsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Anna María Urbancic og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri, Inga Jónsdóttir frá Listasafni Árnesinga, Ásta Hermannsdóttir frá Minjastofnun Íslands og Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið kom saman að loknum aðalfundi og kaus þriggja manna framkvæmdastjórn. Í stjórn voru kjörin: Anna Lísu Rúnarsdóttir, formaður og Anna María Urbancic, gjaldkeri og Inga Jónsdóttir, ritari. Varamenn voru kjörnir: Þorbjörg Gunnarsdóttir fyrir Önnu Lísu, Dagný Heiðdal fyrir Önnu Maríu og Gerður Róbertsdóttir fyrir Ingu.

Nokkrar breytingar urðu á framkvæmdastjórn félagsins á starfsárinu. Dagný Heiðdal tók sæti Önnu Maríu í ágúst er sú síðarnefnda hætti störfum hjá Listasafni Íslands. Í mars 2019 kom Þorbjörg Gunnarsdóttir inn í framkvæmdastjórn í stað Önnu Lísu sem var að hætta störfum hjá Þjóðminjasafni Íslands.

### Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins. Á aðalfundi 2016 voru

kynntar breytingar á uppbyggingu gjaldskrár félagsins sem tóku gildi á árinu 2017. Síðan þá er gjaldskráin þrepaskipt og tekur mið af ársverkafjölda aðildarsafns. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysluverðs. Gjaldskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt alls 9 fundi á árinu 2018. Stærsta einstaka viðfangsefni á starfsárinu var kynning á Sarpi. Aðdragandi þess var að fljótlega eftir að Sarpur var opnaður almenningi á sarpur.is varð þess vart að margir tengdu heitið Sarpur meira við vefupptökusafn Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) en við safnkost Sarpssafna. Á árinu 2017 var gengið frá samningi við RÚV um að stofnunin léti af notkun vörumerkisins Sarpur innan árs, en Rekstrarfélag Sarps er skráður eigandi þess hjá Einkaleyfastofu. Í mars 2018 var staðfest að RÚV hefði staðið við skuldbindingar sínar og var almenn ánægja með þau málalok. Á meðal breytinga sem RÚV gerði var að smáforrit (e. app) þeirra fékk nafnið RÚV, lénið sarpurinn.is vísar notendum inn á sarpur.is og síðast en ekki síst eru vefupptökur ekki lengur kenndar við Sarpinn. Þegar þessi mál voru í höfn, var hægt að huga að kynningarmálum Sarps í þeim tilgangi að auðvelda landsmönnum að tengja heitið Sarpur við menningarsögulega gagnasafnið Sarp og sarpur.is. Útkoman varð kynningarátakið *Sarpur – munir, myndir, minningar* og er Þórarinn Eldjárn höfundur einkunnarorðanna. Leitað var tilboða í gerð og prentun kynningarefnis. Guðbjörg Tómasdóttir útbjó nokkrar gerðir skjáauglýsinga, auglýsingar fyrir samfélagsmiðla, vefborða og veggspjald. Fagstjóri útbjó fésbókarsíðu fyrir herferðina, sjá <https://www.facebook.com/sarpur.is/> og eru vinir hennar rétt um 550 talsins nú en voru engir í lok árs 2018 enda ekki búið opna síðuna þá. Leitað var til aðildarsafna um þátttöku í sameiginlegri vefsýningu Sarpssafna á sarpur.is og fékk sýningin heitið *Æskan á millistríðsárunum*. Kynningarherferðin *Sarpur – munir, myndir, minningar* hófst í janúar 2019 með því að nýi vefborðinn var settur inn á sarpur.is og fyrsta skjáauglýsingin birt í sjónvarpi RÚV. Allur kostnaður við birtingu skjáauglýsinga var greiddur af inneign sem RS átti hjá RÚV en hún var hluti af samningsskilmálum í áður nefndum samningi á árinu 2017. Herferðin stendur enn yfir en þegar liggur fyrir að heimsóknum á sarpur.is og nýjum notendum hefur fjölgað verulega frá upphafi hennar. En betur má ef duga skal og því er biðlað til aðildarsafna um að þau aðstoði við kynningarherferðina með því að leita leiða til að kynna Sarp og safnkost sinn sem víðast t.d í fjölmiðlum í sínu nærumhverfi og á landsvísu.

Fulltrúar safna í samninganefnd við Myndstef um birtingu ljósmynda úr safnmunaskrár í höfundarrétti settu sig í samband við félagið og ræddu um möguleika á breytingum á vatnsmerkjum á sarpur.is. Stjórn lýsti sig reiðubúna til að birta í vatnsmerki heiti safns og texta um að mynd sé í höfundarrétti. Einnig að við færslu verði hægt að birta nánari texta um höfundarrétt sé hann til staðar. Rætt var um RS myndi sækja um styrk í safnasjóð til að fjármagna forritunarvinnu við umræddar breytingar.

Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga komu einnig til umfjöllunar við stjórnarborðið og lét stjórn lögfræðing vinna fyrir sig minnisblað um málið. Söfnin eru ábyrðaraðilar sinna gagna í Sarpi og sarpur.is í skilningi laganna en RS vinnsluaðili. Á fyrri hluta árs 2019 sendi félagið vinnslusamning til aðildarsafna og er hann viðauki við samning um notendaleyfi að Sarpi.

Erindisbréf fyrir skráningarráð Sarps var endurskoðað á starfsárinu. Nú eiga Listasafn Ísland og Þjóðminjasafn Íslands fasta fulltrúa í ráðinu sem höfuðsöfn. Söfnin tvo tilnefna hvort um sig einn aðalman og annan til vara, gerð er sú krafa að þeir búi yfir reynslu af skráningu. Skipunartími er fjögur ár.

Í janúar 2019 var auglýst eftir afleysingu til eins árs fyrir fagstjóra Sarps á meðan á fæðingarorlofi stendur. Alls bárust 17 umsóknir um stöðuna og voru tekin viðtöl við 5 umsækjendur. Niðurstaðan var sú að gengið var frá tímabundnum ráðningarsamningi við

Cecilie Gaihede sem er með BA gráðu í listfræði, með fjölmiðlafræði sem aukagrein. Hún mun ljúka MA gráðu í menningarfræði við HÍ nú í júní.

### **Starfsmannahald**

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri LB, sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra RS en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Vala Gunnarsdóttir gegndi starfi fagstjóra Sarps, en hún var ráðin til LB í nóvember 2016. Cecilie Gaihede hóf störf um miðjan maí 2019. Allur launa- og launatengdur kostnaður sem fellur til hjá LB vegna fagstjóra Sarps er endurgreiddur af RS.

Verkaskipting á milli framkvæmdastjóra og fagstjóra Sarps er sú sama og áður, framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri og starfsemi RS en fagstjóri heldur utan um kerfisþróun og notendapjónustu.

### **Rekstur RS**

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2018 námu 35,9 millj. kr. en rekstrargjöld voru 30,8 millj. kr. Hagnaður ársins er 5,5 millj. kr.

Rekstrartekjur ársins skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga og styrki. Þar af voru tekjur vegna notendaleyfissamninga 33,9 milljónir króna og verkefnastyrkur úr safnasjóði 2 millj. kr. Rekstrargjöld ársins skiptast í rekstrarkostnað kerfis 13 millj. kr., laun og tengd gjöld um 8 millj. kr. og skrifstofu- og stjórnunarkostnað 9,8 millj. kr.

Bókfært eigið fé í lok árs 2018 er 31,5 millj. kr. Eignir RS eru á sama tíma 33,9 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Þar af eru um 15,4 milljónir króna bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 en hann lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 5 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is. Þannig mun félagið vera betur fjárhagslega í stakk búið til að standa straum af slíkum kostnaði þegar hann fellur til.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2018.

### **Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs**

Verkefnið „*Sarpur.is – menningararfurinn sem afþreying*“ hlaut styrk úr safnasjóði á árinu 2018 að upphæð 2 milljónir króna.

Haustið 2018 var sótt um styrk í safnasjóð fyrir fyrirhugað verkefni „*Birting upplýsinga um höfundarrétt í Sarpi*“ en tilgangur þess var að gera breytingar á vatnsmerkjum á sarpur.is og tengdist verkefnið samningi Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands við Myndstef um myndbirtingar á efni í safnamunaskráum sem eru í höfundarrétti. Gera má ráð fyrir að fleiri söfn fylgi í kjölfarið og gangi frá sambærilegum samningum við Myndstef. Því miður hlaut verkefnið ekki framgang við úthlutun úr sjóðnum 2019 og verður því frestað að sinni.

Snemma á árinu 2018 tók Prógramm ehf. við forritun vegna viðhalds kerfis og þróunar þess en áður hafði PES ehf. haft þau verkefni með höndum. Þekkingaryfirfærsla frá PES til Prógramm tók nokkurn tíma en gekk vel. Öll þróunar- og viðhaldsvinna er sem fyrr unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps.

Á árinu voru kerfisuppfærslur, sem unnar eru í svokölluðum sprettum alls sjö talsins. Hér var bæði um minniháttar viðhald að ræða sem og ýmsar kerfisviðbætur. Það verklag var viðhaft að ítarleg lýsing á innihaldi hvers spretts var send út á póstlista Sarps í kjölfar virkjunar hans. Kennslumyndbönd voru einnig útbúin og gerð aðgengileg á þjónustuvef. Á meðal stærri kerfisverkefna og -viðbóta má nefna ýmsar lagfæringar og viðbætur úr verkefninu „*Sarpur.is – menningararfurinn sem afþreying*“. Nú er hægt að birta fylgiskjöl með færslum og fleiri en þrjár ljósmyndir með hverri færslu. Lagfæringar og breytingar voru gerðar á ytri vef Sarps með það að markmiði að bæta aðgengi og tryggja notendavænna umhverfi fyrir sjónskerta og aðra sem nota lyklaborð til að fíkra sig um vefsíður. Þá munu breytingarnar gera þeim sem nota skjálesara auðveldara með að staðsetja sig á síðunni og flakka um hana. Að auki var sýningarhluti á ytri vef endurbættur. Loks var lokið við skýrslu vegna þarfagreiningar um strikamerki.

Hýsing Sarps og sarpur.is er í höndum fyrirtækisins Þekking líkt og verið hefur.

### **Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók**

Skráningarráð Sarps hélt tvo fundi á árinu 2018, í mars og í desember. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Sjö kaflar skráningarhandbókarinnar eru aðgengilegir á þjónustuvef félagsins, sjá <https://www.landskerfi.is/leidbeiningar/sarpur/skraningarhandbok-sarps>. Á fundi snemma vors 2019 var meðal annars ákveðið að hefja vinnu við ókláraða kafla í handbókinni og reyna að komast langt með það verkefni í sumar.

Heimasíða ráðsins er: <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelag-sarps/samstarfsadilar/skraningarrad> og má þar nálgast fundargerðir frá fundum þess. Í kjölfar endurskoðunar á samþykktum ráðsins 2018 skipaði RS nýja fulltrúa í ráðið. Elín Guðjónsdóttir var skipuð samkvæmt tilnefningu frá Listasafni Íslands og er hún aðalmaður og Dagný Heiðdal varamaður. Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Byggðasafni Akraness var skipuð sem aðalmaður og Lýður Pálsson hjá Byggðasafni Árnesinga varamaður samkvæmt tilnefningu skráningarráðs. Næst verður skipað í ráðið árið 2020. Auk ofangreindra sitja í ráðinu nú: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og Inga Lára Baldvinsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands.

### **Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi**

Smámunasafn Sverris Hermannssonar og Safnasafnið bættust í hóp aðildarsafna Sarps á árinu 2018 en Héraðsskjalasafn Akraness sagði upp samningi sínum við félagið. Greiddur á árinu voru 55 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu og 17 með samstarfsaðild.

Í byrjun maí 2019 voru 192 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps. Þar af eru 11 tengdir viðhaldi og daglegum rekstri kerfisins þ.e. eru ekki starfsmenn aðildarsafna. Um 90% eða 172 notendur voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (B – breytinga- og skráningaraðgangur.) 10% eða um 20 notendur voru einungis með lesaðgang að kerfinu (L - lesaðgangur). Mikilvægt er að fylgjast vel með að einungis þeir starfsmenn sem eiga erindi í kerfið séu með virkan aðgang að því. Tekin hefur verið ákvörðun um að hreinsa til í notendahóp Sarps árlega héðan í frá.

Heildarfjöldi skráðra aðfanga í Sarp þann 31. desember 2018 var 1.694.528 aðföng, en var á sama tíma árið á undan 1.661.692 aðföng og svarar það til tæplega 2% nettó aukningar í skráningu á milli ára. Þar af eru 1.268.968 aðföng birt á sarpur.is í lok árs 2018, en voru

1.248.978 í apríl sama ár og er það rúmlega 2% aukning. Fjöldi aðfanga sem birt eru á leitir.is í apríl 2019 eru 1.272.620 aðföng en voru 1.233.935 árið á undan.

Heimsóknir á sarpur.is hafa verið í stöðugri sókn allt frá því vefurinn var opnaður haustið 2013. Á árinu 2018 voru heimsóknir á sarpur.is 124.117 talsins en voru 105.298 árið á undan sem svarar til 18% aukningar á milli ára. Árið 2016 voru heimsóknir 85.169, árið 2015 alls 70.668 og árið 2014 53.985. Um helmingur þeirra sem sækja vefinn sarpur.is heim, koma í gegnum ýmsar leitarvélar og fjórðungur kemur í gegnum samfélagsmiðla.

Á árinu 2018 bættust 10 sýningar á sarpur.is, alls eru því 49 sýningar í birtingu á vefnum í lok ársins. Til samanburðar má geta þess að fjöldi sýninga var 28 á árinu 2016.

### **Almenn notendabjónusta**

Á vefnum landskerfi.is er þjónustuvefur með fjölbreyttum leiðbeiningum um notkun Sarps, og verkbeiðnakerfi fyrir fyrirspurnir og hjálparbeiðnir frá viðskiptavinum. Í apríl 2019 voru 121 starfsmenn aðildarsafna Sarps búnir að stofna aðgang á vefnum en þeir voru 111 á sama tíma árið á undan. Starfsfólk aðildarsafna er hvatt til að senda öll erindi til félagsins í gegnum verkbeiðnakerfið í stað þess að senda þau á netföng einstakra starfsmanna og tryggja með því örugga afgreiðslu þeirra. Um leið og aðgangur er stofnaður er mælt með því að notendur skrái sig á póstlista Sarps til að fá tilkynningar frá félaginu um uppfærslur Sarps, fyrirhuguð námskeið og fleira.

Alls voru haldin sex Sarpsnámskeið fyrir starfsmenn aðildarsafna á árinu 2018, tvö skráningarnámskeið, tvö grunnnámskeið og tvö umsýslunámskeið.

### **Lokaorð**

Árið 2018 var unnið áfram að uppbyggingu Sarps eins og rakið hefur verið hér á undan. Gott samstarf hefur verið við Landskerfi bókasafna hf. sem hefur haft jákvæð áhrif á rekstur og faglegt starf félagsins. Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Önnu Maríu Urbancic sem sat í framkvæmdastjórn árin 2016 til 2018 og Önnu Lísu Rúnarsdóttur sem var formaður framkvæmdastjórnar frá árinu 2014 til 2019 eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf í þágu félagsins. Undir handleiðslu Önnu Lísu voru stigin mikilvæg skref við uppbyggingu félagsins, má þar nefna einföldun á gjaldskrá félagsins, kynning á Sarpi í kjölfar samninga við RÚV og gerð stefnu fyrir Sarp og sarpur.is. Að endingu eru Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna færðar þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt starf í þágu félagsins. Cecilie Gaihede er boðin velkomin til starfa en hún mun sinna störfum fagstjóra næsta árið.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður  
Dagný Heiðdal, gjaldkeri  
Inga Jónsdóttir, ritari